

30
29. febr. **Brjef landshöfðingja til amtmannsins í norðuramtinu og austuramtinu um sjerstaka manntalsþinghá fyrir Jökuldalshrepp.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. jan. þ. á. veiti jeg hjer með samþykki mitt til, að Jökuldalshreppur megi eptirleidis vera manntalsþinghá út af fyrir sig með þingstað á Skjöldólfsstöðum, með því skilyrði, að hlutaðeigandi hreppsnefnd sjái svo um, að nægilegt húsrúm fáist þar til þinghaldsins. Leyfi þetta hefur ekki í för með sjer neina breytingu á hinni fornu Fossvallapinghá sem dómpinghá.

Þetta tilkynnist yður hjer með til þóknanlegrar ráðstöfunar og frekari birtingar.

31
29. febr. **Brjef landshöfðingja til stjórnar landsbankans um gjöf til búnaðarþjelags Suðuramtsins af varasjóði sparisjóðs Reykjavíkur.** — Í þóknanlegu brjefi dags. 17. þ. m. hefur stjórn landsbankans skýrt frá því, að hún hafi afráðið að veita búnaðarþjelagi suðuramtsins að gjöf 6000 kr. af varasjóði sparisjóðs Reykjavíkur, er var, þannig að 5000 kr. af þessari upphæð sjeu lagðar við höfuðstól þjelagsins, en að 1000 kr. verði varið nú þegar til einhverra bráðnaudsynlegra fyrirtækja eða til undirbúnings undir þau, og hefur bankastjórnin jafnframt beiðst samþykkis míns til þessarar ráðstöfunar.

Út af þessu vil jeg hjer með veita samþykki mitt til þess að ofanefndu búnaðarþjelagi verði veittar 6000 kr. að gjöf af varasjóði sparisjóðsins, en þó ætlast jeg ekki til að neitt af þessu fje verði lagt við höfuðstól þjelagsins, heldur að því sje varið til einhverra þeirra fyrirtækja, til eflingar landbúnaði, er bankastjórnin og stjórn búnaðarþjelagsins verða ásáttar um, að nauðsynlegt og æskilegt sje, að framkvæmd verði sem fyrst.

32
29. febr. **Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um skoðun á jarðabótum búnaðarþjelaga.** — Með þóknanlegu brjefi dags. 5. þ. m., hafið þjer, herra sýslumaður, gjört fyrirspurn um, hvort nauðsynlegt verði, að jarðabætur þær, sem búnaðarþjelögin í sýslu yðar hafi látið gjöra næstlíðið sumar og sem þegar eru skoðaðar og skráðar eptir því sem fyrirskipað hefur verið að undanfögnu, verði endurskoðaðar á næsta vori eða sumri af skoðunarmönnum þeim, sem sýslunefndin væntanlega nefnir til þess starfa í vetur.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega tjáð, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar, að svo framarlega sem skýrslur skoðunarmannanna um ofangreindar jarðabætur fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í auglýsingu minni í 25. tölublaði Stjórnartíðindanna f. á., um skilyrði og reglur fyrir styrkveitingu úr landssjóði til búnaðarþjelaga, að öllu öðru leyti en því, að skoðunarmennirnir hafi verið til þess nefndir af sýslunefndinni, þá er eigi nauðsynlegt, að ný skoðunargjörð sje látin framfara á optnefndum jarðabótum, en annars verður ný skoðun að fara fram, til þess að þjelögin geti orðið styrksaðnjótandi.